

**636. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
þriðjudaginn 30. apríl 2024  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Lilja Magnúsdóttir (LM), Jónas Snæbjörnsson (JS) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

**AUKAFUNDUR**

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 636 lögmætan.

Aðalfulltrúarnir Guðlaugur Jónsson og Jón Ingi Jónsson boðuðu forföll og því sat varafulltrúinn Jónas Snæbjörnsson fundinn. Aðrir varafulltrúar höfðu ekki tök á því að mæta.

**Dagskrá:**

**1. Ársreikningur 2023 - 2404197**

Ársreikningur ársins 2023 lagður fram til fyrri umræðu.

Gestur fundarins undir þessu máli var Sigurjón Örn Arnarson endurskoðandi frá KPMG. *Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa ársreikningum ársins 2023 til síðari umræðu í sveitarstjórn sem fer fram 14.05.2024.*

**2. Viðaukar 2024 - 2404182**

Viðaukar nr. 1, vegna brunavarna að upphæð kr. 938 þúsund, og nr. 2, vegna lífeyrisskuldbindinga við Brú að upphæð kr. 1.861 þúsund, við fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps 2024 lagðir fram til staðfestingar. Viðaukunum er mætt með lækkun á handbæru fé

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðauka nr. 1 vegna brunavarna og viðauka nr. 2 vegna lífeyrisskuldbindinga.*

**3. Fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2024, viðaukar - 2404125**

Erindi frá Vesturbyggð dags. 24.04.2024 þar sem viðauki nr. 2 við fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2024 er sendur til sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps til umsagnar.

*Viðauki nr. 2 við fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2024 er staðfestur samhljóða.*

**4. Tjaldsvæði 2024 - 2311028**

Viðauki við leigusamningi um rekstur á tjaldsvæði Tálknafjarðar lagður fram til staðfestingar.

Mál frá 622. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 14.11.2024.

*Sveitartjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða framlagðan viðauka við leigusamning um rekstur á tjaldsvæði Tálknafjarðar, sem er gerður við 460 Campers ehf.  
Sveitarstjóra er falið að skrifa undir viðaukann.*

**5. Sameiginleg kjörstjórn Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2402047**

Breyting á skipan fulltrúa í sameiginlega kjörstjórn Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða að Edda Kristín Eiríksdóttir komi inn sem aðalmaður í sameiginlega kjörstjórn Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í stað Hafðísar Rutar Rudolfsdóttir og Birna Hannesdóttir komi inn sem varamaður stað Eddu.*

**6. Kjörstjórn Tálknafjarðarhrepps - 2404199**

Skipan varafulltrúa í kjörstjórn Tálknafjarðarhrepps samkvæmt grein 40.A.2 í Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða breytingu á kjörstjórn Tálknafjarðarhrepps samkvæmt grein 40.A.2 í Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps, þannig að hún verði þannig skipuð:*

*Aðalfulltrúar:*

*Pálína Kristín Hermannsdóttir (formaður)*

*Magnús Óskar Hálfhásson*

*Inga Jóhannesdóttir*

*Varafulltrúar:*

*Berglind Eva Björgvinsdóttir*

*Hafðís Helga Bjarnadóttir*

*Rakel Arna Guðlaugsdóttir*

*Koma þau í stað aðalfulltrúans Sigurvins Hreiðarssonar og varafulltrúanna Thelmu Daggar Theodórsdóttur og Lilju Magnúsdóttur.*

**7. Umsókn í Fiskeldissjóð 2024 - 2403015**

Erindi frá Fiskeldissjóði dags. 23.04.2024 þar sem tilkynnt er um afgreiðslu sjóðisins á umsókn Tálknafjarðarhrepps vegna ársins 2024.

*Lagt fram.*

**8. Ársreikningur Minjasafns Egils Ólafssonar 2023 - 2404198**

Ársreikningur Minjasafns Egils Ólafssonar 2023 staðfestur á 70. fundi samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 22.04.2024.

*Lagt fram.*

**9. Frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál. - 2404196**

Erindi frá atvinnuveganefnd Alþingis þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál.

*Lagt fram.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps fagnar því að frumvarp til laga um lagareldi sé komið fram og felur sveitarstjóra að að skila umsögn um það í samvinnu við bæjarstjóra Vesturbyggðar.*

**10. Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2308029**

Fundargerð 70. fundar samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðar sem fór fram 22.04.2024.

*Lagt fram.*

**11. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 - 2401079**

Fundargerð 947. stjórnarfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 19.04.2024.

*Lagt fram.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:20.**

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Jónas Snæbjörnsson (JS)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)